

AUGLÝSING

um gjaldskrá vegna stöðvunarbrota í Akureyrarkaupstað.

1. gr.

Aukastöðugjald vegna brota á reglum um notkun stöðureita, sbr. 2. mgr. 83. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. f-lið 1. mgr. 108. gr. sömu laga, skal vera 3.000 kr.

Veittur er 33% afsláttur ef greitt er án fyrirvara og andmæla í bankastofnun eða heimabanka innan þriggja virkra daga frá álagningu gjaldsins.

50% álag greiðist ef gjald hefur ekki verið greitt innan 14 daga frá álagningu.

2. gr.

Stöðvunarbrotagjald vegna annarra stöðvunarbrota, sbr. a-e-lið 1. mgr. 108. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, að undanskildum j-lið 1. mgr. 28. gr., sbr. b-lið 1. mgr. 108. gr., skal vera 10.000 kr.

Veittur er 33% afsláttur ef greitt er án fyrirvara og andmæla í bankastofnun eða heimabanka innan þriggja virkra daga frá álagningu gjaldsins.

3. gr.

Stöðvunarbrotagjald vegna j-liðar 1. mgr. 28. gr., sbr. b-lið 1. mgr. 108. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, (bílastæði fatlaðra) skal vera 25.000 kr.

Veittur er 33% afsláttur ef greitt er án fyrirvara og andmæla í bankastofnun eða heimabanka innan þriggja virkra daga frá álagningu gjaldsins.

4. gr.

Frestur til að andmæla stöðvunarbrotagjöldum er 28 dagar frá dagsetningu álagningar.

5. gr.

Séu gjöldin greidd innan 14 daga frá álagningu gilda ofangreindar fjárhæðir, en hækka eftir það um 50%, sbr. 5. mgr. 108. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Sé gjald enn ógreitt þegar 28 dagar eru liðnir frá álagningu, hækkar það um 100% frá upphaflegu gjaldi, án tillits til staðgreiðsluafsláttar og undangenginnar 50% hækkunar eftir 14 daga.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur samþykkt á fundi sínum 14. desember 2015 staðfestist hér með samkvæmt 5. mgr. 108. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 með síðari breytingum, og reglum nr. 104/1988 með síðari breytingum. Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um fjárhæð gjalda vegna stöðvunarbrota í Akureyrarkaupstað nr. 578/2010.

Innanrikisráðuneytinu, 10. febrúar 2016.

Ólöf Nordal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.